

„Fundarstjórar - góðir félagar.

Dagskrá þessa fimmta ársfundar ASÍ er tæmd. Okkur hefur gengið vel í umfjöllun um þau viðfangsefni sem hafa verið rædd og afgreidd. Við komum vel undirbúin og vel stemmd til fundarins. Og vinnan hér á fundinum hefur verið í sama dúr – kröftug og skilvirk. Þetta hefur sett mark sitt á alla vinnu – og niðurstöðurnar.

Auðvitað koma fram mismunandi sjónmið vegna einstakra atriða, jafnt í umræðum á fundinum sem í nefndunum.

Við erum búin að fjalla ítarlega um mörg mál. Þannig hefur umræðan um efnahags- kjara - og skattamál verið fyrirferðarmikil – eðlilega eins og aðstæður í Þjóðfélaginu eru. Haustiþá hagdeildarinnar var lögð fram og þar kemur fram að það er mikil þensla og mikil þörf á að gæta aðhalds.

Við sendum atvinnurekendum og ríkisstjórninni skýr skilaboð frá þessum fundi.

Við afgreiddum nýja stefnu Alþýðusambandsins í málefnum karla og kvenna og ég er þess fullviss að það hve mjög við höfum sett jafnréttismálin í forgrunn á eftir að skila sér í auknu jafnrétti kynjanna. Jafnframt hljótum við að senda frá þessum fundi baráttukveðjur á baráttufundinn sem haldinn verður á mánudaginn í tilefni af 30 ára afmæli kvennafridagsins. Ég hvet alla sem hér eru til að taka þátt í aðgerðum dagsins.

- Áfram stelpur! -

Þeir pappirar sem lágu fyrir fundinum um lífið í vinnunni runnu ljúflega í gegn, enda málið búið að vera lengi í vinnslu og vel undirbúið.

Þó öll þessi mál séu mikilvæg og umfjöllunin um þau eigi eftir að skila okkur miklu í framtíðinni, er ég þó þeirrar skoðunar að mestu tímamótin felist í umfjöllun og afgreiðslu um tillögur um starfshætti verkalyðshreyfingarinnar.

Yfirskrift fundarins var - **Sterkari saman** - . Þessi augljósu sannindi – eru grunnurinn að öllu okkar starfi. Þau eru meitluð í allt okkar skipulag.

Það þýðir þó ekki, að skipulag, verkefni og starfsaðferðir okkar hafi verið meitluð í stein í eitt skipti fyrir öll. Við þurfum alltaf að vera reiðubúin að endurskoða þau tæki sem við höfum til að koma sjónarmiðum okkar á framfæri og hugsjónum í framkvæmd.

Þess vegna fagna ég þeim tillögum sem voru samþykktar í því sambandi á fundinum. Ég fagna þeirri framtíðarsýn Alþýðusambandsins sem var samþykkt í morgun. Það er þó ekki þannig að í henni felist neinn afsláttur frá hugsjónum okkar og grundvallarsjónarmiðum. Fjarri því. Í þeim texta sem var samþykktur í morgun, er einungis verið að draga saman í skarpan og stuttan texta það sem mestu máli skiptir.

Félagar,

Ég sagði í setningarávarpi mínu að við hefðum náð góðum takti í samstarfinu innan verkalyðshreyfingarinnar. Þessi fundur staðfestir það. Við erum sterk saman.

Við þurfum aftur á móti að verða enn sterkari. Launafólk á Íslandi þarf á því að halda. Þjóðfélagið þarf á því að halda.

Ég fullyrði að eftir þennan ársfund – með þær samþykktir sem hér hafa verið afgreiddar í farteskinu – erum við tilbúin að stíga næsta skref.

Það líður að lokum þessa fundar.

Ég vil áður en ég slít fundinum óska Ingibjörgu R. Guðmundsdóttur, varaforseta, til hamingju með endurkjörinu. Sama gildir um þá aðal- og varamenn í miðstjórn sem hér hafa verið endurkjörnir. Ég veit að samstarfið við allt þetta góða fólk verður gott hér eftir sem hingað til.

Að lokum vil ég þakka fundarstjórum og riturum fyrir störf sín, sem hafa gengið fram af mikilli röggsemi eins og við var að búast.

- Ég þarf ekki að taka það fram að mér hefur liðið ákaflega vel í þessum félagsskap. -

Gefum þessum glæsilegu félögum okkar gott klapp.

Jafnframt vil ég þakka starfsfólki Alþýðusambandsins og öðrum þeim sem hafa tekið þátt í að gera framkvæmd fundarins jafn góða og hún hefur verið. Hún hefur verið með miklum ágætum.

Ég vil biðja starfsfólkið að koma í salinn og gefa okkur kost á að þakka fyrir fyrir með lófaklappi.

Félagar,

Ég þakka ykkur fyrir samstarfið þessa tvo daga og óska öllum góðrar heimferðar.
Fimmta ársfundir Alþýðusambandsins er slitið.